

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Salahverfi. Skóla- og íþróttasvæði. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 28. nóvember 2000 samþykkt tillögu að deiliskipulagi skóla- og íþróttasvæðis í Salahverfi. Í tillögunni felst afmörkun byggingarreita fyrir íþróttamannvirki og grunnskóla auk fyrirkomulags íþróttavalla, aðkomuleiða, bílastæða, gönguleiða og reiðstíga. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að fyrirkomulagi bílastæða var breytt og þeim jafnframt fjölgað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Leikskólinn Efstahjalla, stækkun. Færsla gæsluvallar. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 7. desember 2000 samþykkt tillögu að stækkun leikskólans við Efstahjalla og færslu gæsluvallar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Holtagerði 76 og 78. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 20. júlí 1999 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Holtagerði 76 og 78. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að fjarlægð frá lóðamörkum húss nr. 74 að útitróppum og palli húss nr. 76 verði ekki minni en 3 metrar og að fjarlægð að húsvegg verði ekki minni en 4,2 metrar. Þá var greinargerð leiðrétt í samræmi við umsögn.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. F-reitur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 9. nóvember 2000 samþykkt tillögu að deiliskipulagi íbúða- byggðar á svokölluðum F-reit ofan Vatnsendabýlisins. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að skipulagi á vestasta hluta skipulagssvæðisins, hvað varðar skipulag þriggja fjölbýlishúsalóða (með tveimur 5 hæða byggingum auk jarðhæðar og einni 3 hæða byggingu auk jarðhæðar) verði frestað. Skipulag svæðisins þ.m.t. hæð húsa, verði endurskoðað samhliða þeirri skipulagsvinnu sem hafin er á norðursvæði Vatnsendalands. Þá samþykkti bæjarstjórn jafnframt, að tekin verði upp umhverfissvöktun á vatna- svæði og lífríki Elliðavatns.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Askalind 2A og Álalind 1. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 15. desember 2000 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við

Askalind 2A og Álalind 1. Á fundinum var jafnframt samþykkt sú breyting á auglýstri tillögu að mænishæð fyrirhugaðrar byggingar verði 5,5 metrar miðað við aðkomuhæð í stað 6,5 metra.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 9. janúar 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.